

TÓNVERKAKEPPNI



Afmælisnefnd MH í samvinnu við Beneventumsjóð efnir til samkeppni um tónverk í tilefni af 60 ára afmæli skólans haustið 2026. Þátttakendur semja tónverk fyrir Kór Menntaskólans við Hamrahlíð við ljóð eftir núverandi eða fyrrum nemendur MH. Valið stendur á milli fimm ljóða sem finna má hér neðst í skjalinu.

Verkið skal vera frumsamið fyrir blandaðan kór án meðleiks. Það má ekki vera meira en um fimm mínútur að lengd og skal hæfa erfiðleikastigi menntaskólakórs. Það þarf ekki að henta til almenns söngs.

Tónverkinu skal skila á skrifstofu skólans dagana 6.-14. ágúst 2026, í lokuðu umslagi merkt „Tónverkakeppni“. Tónverkið skal merkt dulnefni og nafn tónskálds fylgja með í lokuðu umslagi, merktu dulnefninu.

Tónskáldið sem ber sigur úr bítum hlýtur 500.000 kr. verðlaunafé. Skipuð dómnefnd mun yfirfara öll verk og er henni ekki skylt að veita verðlaunin, mæti ekkert verk kröfum hennar.

Frestur til að skila inn verki er til kl. 14:00 föstudaginn 14. ágúst og verða úrslit keppninnar tilkynnt á afmælishátíð skólans, laugardaginn 26. september. Sigurverkið verður frumflutt síðar á afmælisárinu ásamt þeim verkum sem kynnu að hljóta sérstakar viðurkenningar.

Tónverkið skal semja við eitt af eftirfarandi ljóðum:

Vor í Skerjafirði

Tjaldur
leitar ætis
í flæðarmálinu
þegar himinn
lýstur hafið
sólstöfum

Og sjá!

Herskari unga
hefur klakist
úr fjörugrjótinu

Enn á ný
boða þeir okkur
mikinn fögnuð

Höfundur: Gerður Kristný

Gunnhildur

Nú tekur að tínast úr hópnum.
Við trúðum því aldrei forðum
er mættum við lífsins morgni
á menntaskólans borðum.

Við gengum saman, systir;
þú sigraðir áratugi.
Nú lítum við hátt á himni
heita sál á flugi.

Raun er ráðum þyngri,
rofinn vinahringur.
Oft vill fyrstur fara
sá fugl sem blíðast syngur.

Höfundur: Hallgrímur Helgason

Eftirfarandi þrjú ljóð núverandi nemenda skólans birtust í ritinu *Hamraskáld 2026*:

8:20

Á barmi bernsku og fullvaxtar sit ég innan um hina uppvakningana, sem líkt og ég, eru búnir að menga heilana sína með nægu koffíni til að bana leikskólabarni.
Grámyglulegt skammdegið kæfir umheiminn, kuldinn smeygir sér inn og læðist upp að hálfdauðum hræjum sem skjálfa og þrá ekkert heitar en að liggja undir sæng.
Gremjan í stofunni er áþreifanleg þegar kennarinn leggur fyrir meira heimanám.
Mér er kalt.
Og ég vil lúlla.


Höfundur: Sóley Mjöll Ásgeirsdóttir

Gulur er fyrir fífla

Gulur er fyrir fífla
og þríhljóma í dúr
rauður er fyrir vallhumla
og eldgömul úr
blár er fyrir sængurföt
sem liggja rúmi á
grænn er fyrir gönguleið
sem hlykkjast til og frá
bleikur er fyrir ungabörn
og litla, sæta skó
fjólublár er fyrir bitur ber
útí berjamó
svartur er fyrir skuggana
og myrkur um nætur
hvítur er fyrir kaldan snjó
og sokka fyrir fætur
brúnn er fyrir raka mold
og belti og axlabönd
appelsínugulur er fyrir sólsetrið
og framandi lönd

Höfundur: Lofn

“Hljóðrit”



Guðrún Lilja Ólafsdóttir